



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Reykjavík, 29. október 2019

Mál nr. 257/2019

Drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034

Drög að fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024

Akstursíþróttasamband Íslands (AKÍŠ) fer með málefni akstursíþróttanna sem stundaðar eru á bifreiðum og tækjum með fjögur dekk á tveimur öxlum hið minnsta.

Fulltrúar AKÍŠ hafa í nokkur skipti frá árinu 2016 komið á fund umhverfis- og samgöngunefndar og kynnt hugmyndir um *íþróttavegi*. AKÍŠ hefur einnig kynnt starfsemi sína, aðstöðu akstursíþróttafélaga sem hafa byggt eða eru að byggja sínar keppnisbrautir og framtíðaráform.

Rally er eina grein akstursíþróttanna sem treystir á að geta keppt á þjóðvegum, sýsluvegum og einkavegum sem eru lokaðir annarri umferð á meðan. Þessir vegir eru því ígildi íþróttamannvirkja þeirra sem stunda rally. Sífellt fleiri vegir eru teknir af þjóðvegaskrá og settir í umsjón sveitarfélaga, en við það dregur yfirleitt mikið úr viðhald þeirra. Auk þessa eru margir þeirra þjóðvega sem notaðir eru í rally orðnir þjóðleið ferðamanna, en viðhald þeirra svipað og áður var. Með aukningu í ferðamennsku hefur þrengt að vali hentugra vega til rallykeppna. Keppnishaldarar hafa reynt að finna minna notaða vegi og hafa þá leitað til sveitarfélaga eða einkaaðila um afnot vega sem þau hafa á sínum snærum. Sem dæmi um slíka vegi má nefna gamla veginn um Þverárfjall, gamla Ísólfsskálavegin, gamla veginn um Tröllhálss og veg austan Heklu.

AKÍŠ telur mikla þörf á því að þeir vegir (eða hluti þeirra) sem notaðir hafa verið til að keppa á í rally, bæði þjóð- og sveitavegir, verði skilgreindir sem *íþróttavegir* og að veitt verði sérstöku fé til viðhalds þeirra. Farið verði með úthlutun fjárisins í samræmi við úthlutun til Vegagerðarinnar vegna liðsins *reiðvegir* í Samgönguáætlun.

AKÍŠ leggur til að veitt verði 20 milljónum króna árlega til nýs liðar, *íþróttavegir*, sem kæmi undir kaflann "Stofnvegakostnaður, vegir" og undirkaflann "Annað en stofn- og tengivegir". Alþingismenn hafa margir sýnt málinu skilning í orði, en ekki hefur þessi liður þó enn komist í samgönguáætlun.

Niðurlag

AKÍŠ, er bæði ljúft og skylt að koma til fundar við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eða Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og ræða efni þessa erindis, sé þess óskað.

Tryggvi M Þórðarson
Formaður AKÍŠ

Þrándur Arnþórsson
Framkvæmdastjóri AKÍŠ